

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Glitnir Globe.

1. gr.

Heiti, heimili og varnarþing.

Nafn sjóðsins er Glitnir Globe, heimili sjóðsins og varnarþing er Kirkjusandur 2, Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkefni á sviði umhverfismála með sérstaka áherslu á endurnýjanlega orku, sjálfbæran sjávarútveg og verndun hafsvæða. Markmiðið er að hvetja til nýsköpunar og þróunar á ofangreindum sviðum.

3. gr.

Stofnandi.

Stofnandi sjóðsins er Glitnir banki hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi 2, Reykjavík.

4. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stofnandi kýs sex menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, þar af skal einn vera formaður. Stjórnarstörf skulu ekki launuð. Stjórnin skiptir með sér verkum.

5. gr.

Stofnfé og tekjur.

Stofnfé sjóðsins er að fjárhæð kr. 10.000.000 í reiðufé sem stofnandi leggur sjóðnum til við stofnun. Tekjur sjóðsins eru framlög stofnanda og viðskiptavina hans til sjóðsins sem og ávöxtun af eignum sjóðsins.

6. gr.

Fjárvarsla og ávöxtun sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að móta og taka ákvörðun um fjárfestingastefnu sjóðsins. Stofnandinn annast fjárvörslu og eignastýringu sjóðsins hverju sinni. Ávöxtun stofnfjár verður á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun stjórnar, þó ávallt með tilgang sjóðsins að leiðarljósi.

7. gr.

Úthlutun.

Sjóðstjórn skal úthluta fé árlega til verkefna. Heimilt er að úthluta fé oftar ef sérstakt tilefni gefst til. Stjórn getur einnig skipað sérstakar úthlutunarnefndir og veitt þeim fullt umboð til úthlutana. Stjórn og/eða úthlutunarnefndir skulu að leita eftir álit sérfræðinga á sviði jarðvarma og í sjávarútvegi áður en úthlutað er til verkefna. Stjórnin skal setja sér verklagsreglur um úthlutun styrkja.

8. gr.

Endurskoðun.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Fyrsta reikningsár sjóðsins er frá stofnun hans til næstu áramóta. Reikningar sjóðsins skulu áritaðir um endurskoðun af endurskoðanda sem stjórn sjóðsins velur. Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskránni.

Skipulagsskrá þessari verður breytt eða sjóðnum slitið með ákvörðun meirihluta stjórnar sem hljóti samþykki stofnanda enda fái skipulagsskráin þannig breytt samþykki viðeigandi stjórnvalds.

10. gr.

Staðfesting á skipulagsskrá.

Um starfsemi sjóðsins gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Leitað skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskránni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 22. ágúst 2008.

Ríkarður Mátsson sýslumaður.

Helgi Már Ólafsson.